

Fjölís hagsmunasamtök  
Ársreikningur 2022

Fjölís hagsmunasamtök.  
Barónsstíg 5  
101 Reykjavík

kt. 491285-0289

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

---

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu. Heimild Fjölís er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Samkvæmt rekstrarreikningi var úthlutun ársins og annar kostnaður hærrí en tekjur ársins og afkoma ársins því neikvæð um 443 þús. kr. á árinu. Eigið fé félagsins í árslok nam 12,2 millj. kr.

Á árinu 2022 voru gerðir samningar annars vegar við Fjármála- og efnahagsráðuneytið fyrir árin 2022 og 2023 og hins vegar við Menntamálaráðuneytið fyrir árin 2022 til 2024.

Stjórn Fjölís hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 19. apríl 2023.

Stjórn:

Halldór Þorsteinn Birgisson  
Ragnar Þór Sigurðsson  
Hjálmar Jónsson  
Gylfi Garðarsson  
Páll Ragnar Pálsson  
Sindri Freysson  
Jón Yngvi Jóhannsson

Framkvæmdastjóri:

Helga Sigrún Harðardóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Fjölís hagsmunasamtaka.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjölís („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 19. apríl 2023.

**KPMG ehf.**

Ólafur Már Ólafsson

# Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Tekjur .....	1b	<u>158.105.067</u>	<u>147.235.743</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og tengd gjöld .....	2	5.721.352	4.724.647
Laun stjórnar .....		4.613.311	4.613.311
Úthlutanir .....	1c	141.822.395	128.950.681
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>7.170.293</u>	<u>3.581.707</u>
		<u>159.327.351</u>	<u>141.870.346</u>
<b>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....</b>	(	1.222.284)	5.365.397
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>			
Vaxtatekjur .....		648.713	142.034
Vaxtagjöld .....	(	12.908)	( 35.826)
Gengismunur .....		<u>143.752</u>	<u>0</u>
		<u>779.557</u>	<u>106.208</u>
<b>Afkoma ársins .....</b>	3	<u>( 442.727)</u>	<u>5.471.605</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

---

	Skýr.	2022	2021
<b>Eignir:</b>			
Viðskiptakröfur .....		13.711.867	2.349.098
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		130.561	63.617
Handbært fé .....		8.610.824	14.427.056
Veltufjármunir samtals		<u>22.453.252</u>	<u>16.839.771</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>22.453.252</u>	<u>16.839.771</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé .....		12.246.404	12.689.131
Eigið fé samtals	3	<u>12.246.404</u>	<u>12.689.131</u>
<b>Skuldir:</b>			
Ógreidd úthlutun .....		9.680.000	656.071
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		526.848	3.494.569
<b>Skuldir samtals</b>		<u>10.206.848</u>	<u>4.150.640</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>22.453.252</u>	<u>16.839.771</u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Afkoma ársins .....	3	( 442.727)	5.471.605
Veltufé (til) frá rekstri		( 442.727)	5.471.605
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 11.429.713)	( 1.174.043)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		6.056.208	3.792.024
Breytingar rekstartengdra eigna		( 5.373.505)	2.617.981
Handbært fé (til) frá rekstri		( 5.816.232)	8.089.586
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		( 5.816.232)	8.089.586
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		14.427.056	6.337.470
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>		8.610.824	14.427.056

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## b. Innlaun tekna

Innlaun tekna byggist á samningum við Ríkissjóð, sveitarfélög og fleiri aðila vegna fjölföldunar og annarrar eftirgerðrar höfundarverka.

## c. Úthlutun

Tekjum félagsins er úthlutað til aðildarfélaga samtakanna, eftir að tekið hefur verið tillit til rekstrarkostnaðar á hverjum tíma. Úthlutun til aðildarfélaga byggir á samkomulagi þeirra um mælda og áætlaða hlutdeild hvers félags í mismunandi tegundum samninga.

## d. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun .....	4.251.141	3.709.132
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður .....	1.470.211	1.015.515
	<u>5.721.352</u>	<u>4.724.647</u>

Einn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu.

## 3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2022	2021
Eigið fé 1.1. ....	12.689.131	7.217.526
Afkoma ársins .....	( 442.727)	5.471.605
Staða 31.12. ....	<u>12.246.404</u>	<u>12.689.131</u>

## 4. Varasjóður

Hlutverk varasjóðs er að til séu fjármunir til að standa straum af greiðslu höfundaréttargjalda vegna krafna frá höfundum utan hagsmunasamtaka, sbr. grein 4.3. í samþykktum fyrir Fjölís. Eignir og eigið fé varasjóðs greinast þannig:

	2022	2021
Handbært fé 1.1. ....	5.336.189	5.318.799
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur .....	114.895	17.390
Handbært fé 31.12. ....	<u>5.451.084</u>	<u>5.336.189</u>
Eigið fé 1.1. ....	5.336.189	5.318.799
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur .....	114.895	17.390
Eigið fé 31.12. ....	<u>5.451.084</u>	<u>5.336.189</u>